

sambandi er í rauninni ekkert annað en skoðanir, er hafa svo mikið gildi að vér álitum að vér megum ekki án þeirra vera. En þetta er ekki hið eina gildi, því margar skoðanir, og flest það, sem við köllum tilfinningar, hafa alveg sérstakt gildi, sem kemur þekkingu ekkert við. Pragmatistarnir halda því þess vegna fram að það sé gildi hverrar skoðunar eða hugmyndar, sem fyrst verði að takast til greina áður en hægt sé að ákveða hvaða sannleika hún hafi að geima eða hvort hún sé þess virði að hún sé aðhylst. Þeir neita því að nokkur hugmynd geti haft gildi á nokkurn annan hátt en þann, sem beinlínis tilheyri mannlífinu sjálfu. Í öðrum orðum, það er alveg nauðsynlegt að hver skoðun eða hver hugmynd, sem vér höfum, standi í lifandi sambandi við alt það er við köllum einstaklingslíf, án þess hefir hún enga þýðingu, engan sannleik að geyma.

Þeir, sem dálitið þekkja sögu heimspekinnar munu fljótt sjá að grundvallar atriði pragmatismans eru ekki ný. Sú skoðun að af ávöxtunum skyldu menn þekkja, ekki einungis sugarfar einstaklinganna heldur og einnig nytsemi skoðana og kenninga, frá siðferðislegu sjónarmiði, hefir altaf verið ríkjandi á meðal manna. Sókrates kendi það fyrir meira en 2300 árum síðan, og Jesú frá Nazaret kendi það einnig. Ef vér tökum beinlínis heimspeislegar skoðanir til samanburðar þá sjáum vér að raunspekin (positivism) sem kend er við frakkneska heimspekinginn Comte, er náskyldur pragmatismanum að því leyti að báðar stefnurnar leggja aðaláherzluna á reynsluna sem grundvöll hugmyndanna. Raunspekin er samt semi áður viss skoðun á eðli tilverunnar, sem fáir pragmatistar munu aðhyllast. Sömuleiðis má segja að nytsemiskenningin (utilitarianism) á Englandi hafi verið að mörgu leyti sömu tegundar. En þrengri og éaðgengilegri, vegna þess, að samkvæmt henni mælast allir hlutir á kvarða hagsmunalegrar notkunar. Tveimur mónum má ekki gleyma þegar talað er um sögulega fyrirrennara pragmatismans. Þeir eru enski heimspekingurinn David Hume og hinn ódauðlegi Immanuel Kant. Vitaskuld voru þeir ekki pragmatistar á sama hátt og próf. James og aðrir nýlifandi heimspekingar, en báðir unnu í sömu aðalstefnu með því að sópa í burtu öllum